

Um bókina *Leiðsögn: Lykill að starfsmenntun og skólaþróun*

Ragnhildur Bjarnadóttir. (2015). *Leiðsögn: Lykill að starfsmenntun og skólaþróun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan. 195 bls.

Talsvert hefur verið skrifað í fræðaheiminum um vettvangsnám kennaranema, leiðsagnarhlutverkið og stuðning við nýja kennara í starfi fyrstu árin. Ragnhildur er einn þeirra fræðimanna sem hefur skrifað fjölda greina um þetta efni og er þetta önnur bók hennar. Árið 1993 sendi hún frá sér bókina *Leiðsögn – liður í starfsmenntun kennara* og er þessi nýja bók eðlilegt framhald hennar. Í öllum fræðum koma sífellt fram nýjar kenningar og það á einnig við um kenningar um leiðsagnarhlutverkið sem er einmitt dregið vel fram í þessari bók. Höfundur notar hugtakið starfstengd leiðsögn og skilgreinir það: „Leiðsögnin miðar að því að efla starfshæfni og fagmennsku einstaklinga, hópa og stofnana sem að henni koma“ (bls. 9).

Bókin skiptist í sex hluta sem allir hafa nokkuð afmarkað innihald en fléttast þó meira og minna saman í gegnum bókina þar sem sömu hugtökin koma oft fyrir. Höfundur kemur víða við í skrifum sínum um leiðsagnarhlutverkið, vettvangsnám og starf kennarans því margir þættir tengjast þar eins og gefur að skilja, þættir eins og samræða, ígrundun, skipulag, traust og margt fleira. Þess vegna á þessi bók ekki eingöngu erindi til leiðsagnarkennara heldur tvímælalaust til allra kennara, skólastjórnenda og annarra sem leggja metnað í að styðja nýja kennara í starfi. Hún á ekki síður erindi til kennaranema því hún varpar ljósi á ýmislegt sem þeir þurfa að fá út úr námi sínu.

Þó svo að oftast sé þarna rætt um leiðsögn kennaranema, sem einhverjum gæti þótt galli á bókinni, þá er vitanlega mjög margt sammerkt með þeim og nýjum kennurum í starfi, eins og Ragnhildur bendir víða á.

Höfundur segir tilgang bókarinnar margþættan og nefnir mörg atriði, eins og það að hún eigi að varpa ljósi á ýmsar hliðar starfstengdrar leiðsagnar, fræðilegrar og hagnýtrar. Hún eigi líka að geta orðið grunnur að umræðu um leiðsagnarhlutverkið og varpað ljósi á ýmsar hliðar leiðsagnar og þannig nýst kennurum á öllum skólastigum. Þá er henni ætlað að hafa hagnýtt gildi fyrir þá sem annast starfstengda leiðsögn á einn eða annan hátt, jafnt háskólakennara sem tengjast vettvangsnámi kennaranema og aðra sem koma að leiðsögn. Síðast en ekki síst ætti bókina að geta orðið grunnur að frekari rannsóknum og nýst sem námsefni fyrir kennaranema.

Erfitt er að gera öllu efni bókarinnar skil í stuttri umsögn og óhjákvæmilegt að umfjöllunin litist af áhugasviði mínu sem verkefnisstjóra vettvangsnáms við kennaradeild Háskólans á Akureyri.

I. hluti: Starfstengd leiðsögn – samskipti og ábyrgð

Í þessum hluta er farið ítarlega yfir hugtök tengd leiðsögn og hlutverk þeirra sem hana veita. Þessi hugtök eru m.a. samofin þróun kennarastarfsins og ríkjandi viðhorfum til menntunar. Höfundur segir að leiðsögn snúist fyrst og fremst um samskipti þar sem markmiðið sé að allir læri af samskiptunum, m.a. með samræðu. Áður hafi áherslan verið á æfingu og verkþjálfun kennaranema en í dag sé fremur hugað að viðtækri starfshæfni og fagmennsku, æfingin sé ekki aðalatriðið. Eftir að kennaranám var lengt í fimm ár er sérlega mikilvægt að taka mið af þessu í vettvangsnámi kennaranema því oft og tíðum er of mikið einblínt á æfinguna í að kenna. Eins og Ragnhildur segir þá skipta aðrir þættir í leiðsögn ekki síður máli, eins og skoðanaskipti, umræður og ákvarðanir sem leiða til ígrundunar um eigin athafnir því þannig eflir fagfólk starfshæfni sína. Markmiðið sé að allir læri af leiðsögninni, bæði þeir sem þiggja hana og þeir sem veita hana, en almennt er viðurkennt að leiðsagnarkennarar kennaranema læra í samskiptum sínum við nemana, þ.e. að námið sé gagnvirkt. Ennfremur bendir hún á mikilvægi fleiri þátta, eins og samræðu, samvinnu, samskiptahæfni og eflingu félagslegrar og persónulegrar hæfni til að takast á við starfið. Þessum þáttum eru gerð góð skil í bókinni. Ragnhildur talar líka um ábyrgð kennaramenntunarstofnana á leiðsögn kennaranema, t.d. að þær „setji fram skýrar reglur og viðmið um til hvers er ætlast af kennurum og skólunum“ (bls. 43) og ábyrgð þeirra á menntun leiðsagnarkennara.

II. hluti: Markmið kennaramenntunar – tengsl við vettvang

Hér fjallar höfundur einnig um breytt viðhorf til ýmissa hugtaka sem tengjast menntun og skólasamfélaginu, eins og fagmennsku, starfshæfni, starfskenningar og fleiri, og tengir þau vettvangsnámi og leiðsagnarhlutverkinu. Hún segir að fagmennska sé enn lykilhugtak í umfjöllun um kennaramenntun en skilgreiningar séu mismunandi og hafi þróast á síðustu áratugum. Áður hafi skilgreiningar beinst að sameiginlegri sérþekkingu kennara, siðareglum og uppeldislegrri ábyrgð en í dag tengist þær meira gæðum starfs og því sem best er gert á starfsvettvanginum. Höfundur nefnir réttilega mikilvægi þess að tengja hugtökin starfshæfni og fagmennsku í kennaramenntun og talar t.d. um að hæfnihugtakið hafi í raun vikið fyrir umræðunni um fagmennsku kennarans. Talsvert er rætt í þessum kafla um starfskenningu sem markmið og verkfæri og mæli ég með honum fyrir kennara og kennaranema til að átta sig á mikilvægi þess að móta og þróa eigin starfskenningu.

Í lok þessa hluta fjallar Ragnhildur um mikilvægan þátt í kennaramenntuninni, þ.e. samstarf háskóla og annarra skóla um vettvangsnám. Undanfarin ár hafa fræðimenn talsvert fjallað um skort á tengslum milli háskólanáms og starfsvettvangs sem oft er kallað þriðja svæðið. Markmið með samstarfi í anda þriðja svæðisins er að þróa nýja þekkingu í samstarfi þessara aðila á jafningjagrundvelli. Heildarsýn á vettvangsnám kennaranema og á leiðsagnarhlutverk viðtökuskólans er annað markmið þessa samstarfs, svo og

gagnkvæmur ávinningur. Samstarf á milli Háskóla Íslands, Háskólans á Akureyri og Kennarasambands Íslands um að finna leiðir til að efla slíkt samstarf í anda kenninga um þriðja svæðið hefur þegar hafist.

III. hluti: Stuðningur við nám á starfsvettvangi

Í þessum hluta er lögð áhersla á nám á vettvangi og hlutverk kennarans, hann er því áhugaverður fyrir kennaranema og leiðsagnarkennara. Nokkur umfjöllun er um hæfni-hugtakið sem hefur verið mjög áberandi í námsmatsumræðu undanfarið. Stór hluti þessa kafla er umfjöllun um formlegt og óformlegt nám og muninn á þessu tvennu. Höfundur reifar ýmsar kenningar um þetta og skilgreiningar, t.d. að formlegt nám sé í flestum tilvikum skilgreint sem nám sem er skipulagt af menntastofnunum, tengist kennslu og fæst metið og viðurkennt í skólum. Óformlegt nám er hins vegar skilgreint sem nám sem fer fram utan skólakerfisins, t.d. í samskiptum og athöfnum daglegt lífs. Þá er einmitt spurning hvar starfsnám liggur í þessum skilgreiningum.

Í seinni köflum þessa hluta er fjallað um þætti sem stuðla að starfsnámi, ígrundun og faglegu námssamfélagi. Þar er áhugaverð lýsing á hlutverki kennarans sem tekur sífellt ákvarðanir í starfi, þróar um leið sinn persónulega stíl og á jafnframt að taka á málum af fagmennsku. Komið er inn á ýmis nýleg hugtök sem notuð eru í skólastarfi og hvernig þau tengjast og styrkja starfsmenntun og nám á vettvangi. Einn kafli þessa hluta er um stuðning við nýja kennara í starfi en höfundur segir alla kennara ganga í gegnum þrjú tímabil sem hún gerir ágæt skil hér.

IV. hluti: Markmið með leiðsögn kennaranema og nýliða

Höfundur skiptir kenningum um leiðsögn í fjóra flokka til að auðvelda þeim sem vinna eftir þeim að velja og rökstyðja áherslur sínar með hliðsjón af hugtökum og niðurstöðum rannsókna. Þessi kafli er tilvalinn fyrir leiðsagnarkennara að máta sig við og finna hvar þeir standa sem leiðsagnarkennarar og hvernig þeir geta þróað leiðsögnina miðað við rannsóknir og kenningar síðustu ára.

Ragnhildur nefnir líka að þegar betur er að gáð sjáist hve mikilvægir þættirnir seigla, sjálfstraust, fagvitund og samskiptahæfni eru fyrir kennara, en það geti verið erfitt að hafa áhrif á þessa þætti í leiðsögn. Leiðsögn felist í stuðningi og ögrun. Áhersla þurfi að vera á persónulegan og félagslegan styrk kennarans eða kennaranemans en hvaða leiðir eru æskilegar til að efla þessa hæfni? Ragnhildur gerir þessu góð skil og bendir á ýmsar leiðir.

V. hluti: Undirbúningur leiðsagnarkennara – leiðsagnaraðferðir

Hér er athyglinni beint að undirbúningi leiðsagnarkennara fyrir hlutverkið, skipulagi og aðferðum sem reynst hafa vel við leiðsögn. Ragnhildur er með ýmsar hagnýtar ábendingar og hugmyndir og segir m.a. að leiðsagnarkennarinn sé í raun í nokkrum hlutverkum, hlutverki leynilögreglu, hlutverki fræðimanns og rannsakanda, og í hlutverki leiðsögumanns.

Eftir lestur þessa kafla sést glögglega hve mikilvægt það er að leiðsagnarkennarar fái góðan undirbúning og stuðning fyrir hlutverk sitt, ekki síst til að geta mætt þeim sem þiggja leiðsögn þar sem þeir eru staddir. Þeir þurfa þannig að átta sig á því hvaða verkfæri þeir geti notað til að draga fram ólík sjónarmið hjá þeim og kanna skilning þeirra á tilgátum og áætlunum.

Hér eins og víðar í bókinni fjallar höfundur um þróun starfskenningar kennara og kennaranema og hvernig gott sé að ígrunda starfið til að geta mótað sína eigin starfskenningu. Hún segir t.d. að kennarastarfið reyni mjög á tilfinningalega og félagslega hæfni kennara ekki síður en þekkingu þeirra og þannig mótist starfskenning þeirra meðal annars.

Í þessum kafla er einnig fjallað um jafningjaleiðsögn, sem er mikilvægt hugtak í umræðunni um námssamfélag, og segir höfundur frá vinnuaðferð við leiðsögn sem hún prófaði og kallar „markvissa ígrundun“. Niðurstöður þessarar vinnu eru áhugaverðar um margt, eins og t.d. að nemar töldu ígrundun í hópi jafningja mikilvæga viðbót við eigin ígrundun og bendir Ragnhildur því réttilega á mikilvægi þess að efla jafningjaleiðsögn sem viðbót við aðra leiðsögn í hópi kennaranema og hvað má skoða betur til að efla þann þátt.

VI. hluti: Leiðsögn kennaranema - tengsl við aðstæður og menningu

Hér segir höfundur frá rannsókn sem hún gerði ásamt fleirum árið 2007. Tilgangur hennar var að draga ályktanir um þá hæfni sem æskilegt er að styrkja með kennaranemum til að þeir ráði betur við erfiðleika sem upp koma í kennslu. Niðurstöðurnar eru í góðu samræmi við það sem kennaranemar við Háskólann á Akureyri segja eftir reynslu sína á vettvangi. Þær tengjast mörgum þáttum en ekki síst viðhorfum nemanna, persónulegri og félagslegri reynslu svo og öryggisleysi á vettvangi í fyrstu. Niðurstöðurnar vísa einnig til margs sem áður hefur komið fram í bókinni um að efla þurfi jafningjastuðning við kennaranema á vettvangi og stuðning við að þróa félagslega hæfni, ekki síst í samræðum og samskiptum.

Höfundur segir einhvers konar tengsl vera á milli skólamenningar og náms kennaranema á vettvangi en að takmörkuð þekking sé á því hvernig þessi tengsl séu. Hér fjallar höfundur um mikilvægan þátt í starfsmenntun og skólaþróun, þ.e. að skólasamfélagið geri sér grein fyrir mikilvægi þess fyrir skóla að taka að sér kennaranema og að leiðsagnarhlutverk skóla getur haft áhrif á skólamenninguna. Það leiðir m.a. til þess að útskýra þarf skólamenninguna, gildismat, áherslur í skólafarfinu, reglur og fleira. Þetta þurfa a.m.k. skólastjórnendur að vera vel meðvitaðir um því þetta er mikilvægur þáttur í starfsþróun kennara.

AÐ LOKUM

Eins og greina má af framansögðu þá gerir bókin leiðsagnarhlutverkinu og starfstengdri leiðsögn góð skil. Vel kemur fram hve umfangsmikið þetta hlutverk er og hve stór þáttur það getur verið í starfsþróun kennara. Það sem stendur upp úr að mínu mati er áhersla Ragnhildar á samræðuna, þróun persónulegrar og félagslegrar hæfni svo og jafningjaleiðsögn kennaranema en þetta er sennilega það sem slær nýjasta tóninn hér. Starfandi kennarar hafa lengi kallað eftir jafningjaleiðsögn og það er ekki verra að byrja hjá kennaranemum. Hér kemur Ragnhildur með hugmyndir að nýjum leiðum til að nálgast þessi viðfangsefni. Eins þykja mér ýmsar ábendingar hennar áhugaverðar, svo sem að benda á hugtakið seiglu sem er svo mikilvægt í skólastarfi almennt, bæði hjá nemendum og kennurum.

Bókin stendur sannarlega fyrir sínu og tel ég að yfirlýstum tilgangi með henni hafi verið náð, þ.e. að hún höfði til þeirra aðila sem höfundur tilgreinir og ætti að nýtast þeim. Vissulega á eftir að reyna á sumt af því sem hér er fjallað um en í heildina tel ég að hér hafi vel tekist til. Bókin er gott innlegg í umræðu og vinnu við starfsmenntun og skólaþróun og má segja að hér kveði við nýjan tón í þeim fræðum að tengja leiðsögn og vettvangsnám kennaranema þeim þáttum eins og hér er gert. Höfundur styðst við nýjustu rannsóknir á efninu, íslenskar sem erlendar, og auðveldar það lesendum að átta sig á heildarmyndinni. Með lestri bókarinnar fær lesandinn góða innsýn í mikilvægi þess að faglega sé staðið að móttöku og leiðsögn kennaranema og nýrra kennara í starfi og á hún því ekki síst erindi til skólastjórnenda. Fagrit á íslensku um þetta efni er vel þegið og þarft fyrir alla sem koma að leiðsögn og vettvangsnámi kennaranema. Bókin á tvímælalaust eftir að koma mér að gagni sem verkefnisstjóra vettvangsnáms við skipulag vettvangsnámskeiða og leiðsögn kennaranema og leiðsagnarkennara. Ekki síst munu gagnast mér þær fjölbreyttu leiðir sem höfundur bendir á í mörgum þáttum starfstengdrar leiðsagnar.

Á bókarkápunni, sem er hönnuð af Ragnari Ólafssyni, er mynd af áttavita sem er vel við hæfi. Kápan er kannski ekki grípandi í fyrstu en er engu að síður lýsandi fyrir efni bókarinnar og fyrir kennarastarfið, og eins og höfundur segir þá vísar orðið leiðsögn til ferðalags. Kennarar þurfa ávallt að huga að því hvert þeir stefna í starfi sínu og gæta þess að stefnan sé rétt.

UM HÖFUNDINN

Þorgerður Sigurðardóttir (thorgerdursig@unak.is) lauk B.Ed.-prófi frá Kennaraháskóla Íslands 1983 og M.Ed.-prófi í stjórnun frá Háskólanum á Akureyri 2011. Hún hefur starfað sem móðurmálskennari í grunnskólum í Gautaborg og grunnskólakennari í Reykjavík og á Akureyri um árabíl. Áður en hún hóf störf við Háskólann á Akureyri starfaði hún í fimm ár við skólastjórnun í grunnskóla á Akureyri. Frá árinu 2013 hefur hún verið verkefnisstjóri vettvangsnáms og æfingakennslu kennaranema á öllum aldursstigum og haft umsjón með námskeiðum tengdum því við kennaradeild Háskólans á Akureyri.